

Tillögur að lagabreytingum fyrir landsfund Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs 2011.

I. kafli Heiti og markmið

1. grein

Út fari úr fyrstu setningu

Flokkurinn heitir.....Heimili.....er

Inn komi í fyrstu málsgrein

...er stjórn málaflokkur með heimili...

Rökstuðningur

Einfaldað orðalag

2. grein

Út falli úr fyrstu setningu

...berjast

Inn komi í fyrstu setningu

beita sér fyrir

Rökstuðningur

Orðalagið „að berjast fyrir“ þótti óheppilegt í lögum friðelskandi flokks.

3. grein

Inn komi í fyrstu setningu

...og á vegum..... bæði meðal aðal- og varamanna.

Rökstuðningur

Ástæða þótti til að bæta við trúnaðarstörfum á vegum flokksins en ekki bara innan hans, sem og að aðskilja aðal- og varamenn, enda hafa þeir ólíkt vægi.

II. kafli Flokksaðild

4. grein

Út falli úr setningu

...þeir

Inn komi í setningu

...þau.....á Íslandi.

Rökstuðningur

Skv. ábendingu þótti ástæða til að tilgreina Ísland, en þannig er opnað á það að félagar geti verið virkir í flokkum í öðrum löndum vegna búsetu.

5. grein

Út falli setningin

Aðildarumsóknir nýrra félagsmanna skulu berast til stjórnar viðkomandi svæðisfélags. Svæðisfélögin skulu reglulega senda breytingar á félagatali til skrifstofu flokksins sem heldur félagaskrá.

Inn komi setningin

Inntökubeiðnir í flokkinn og úrsagnir úr honum skulu tilkynntar skriflega eða með rafrænum hætti til viðkomandi svæðisfélags eða skrifstofu flokksins. Skrifstofan hefur umsjón með félagatali í samræmi við reglur sem stjórn flokksins setur og staðfestar eru af flokksráði.

Rökstuðningur

Greininni er breytt til samræmis við það verklag sem viðhaft hefur verið um langt skeið.

III. Skipulag

6. grein

Fellur út og sameinast 7. grein

7. grein

Út falli

Félagssvæði svæðisfélags má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Eigi skal nema eitt svæðisfélag starfa í hverju sveitarfélagi.

Inn komi

Grunneiningar í skipulagi flokksins eru svæðisfélög. Þau taka til eins eða fleiri sveitarfélaga eftir ákvörðun félagsmanna, en má félagssvæðið þó aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Heimilt er að stofna smærri deildir sem miðast við hverfi eða byggðarkjarna innan sveitarfélaga. Stjórn svæðisfélagsins fer þá með málefni deildanna.

Rökstuðningur

Greinarnar eru sameinaðar til hagræðis. Í greininni er opnað á stofnun deilda innan svæðisfélaga sem geta verið minni en eitt svæðisfélag, þó þær verði ávallt undir stjórn viðkomandi félags. Tillagan er lögð fram til að opna möguleikann á hverfa- eða byggðarkjarnadeildum til að efla starfið í stórum eða víðfeðmum svæðisfélögum sem þannig gætu orðið til að styrkja og efla félagsstarfið og vinna að málefnum afmarkaðri svæða.

8. grein

Út falli úr fyrstu setningu

... einu svæðisfélagi..... er þeim

Inn komi í fyrstu setningu

því svæðisfélagi sem lögheimili þeirra eða heimilisfesti segir til um.....er

Út falli úr annarri setningu

...kjósa að eiga aðild að öðru svæðisfélagi en heimilisfesti segir til um eða búa utan marka starfandi svæðisfélaga skulu tilgreina það svæðisfélag sem þeir kjósa að eiga aðild að.

Inn komi í aðra setningu

...hafa annað heimilisfesti en lögheimili segir til um tilkynni skrifstofu hvoru svæðisfélaginu þeir kjósa að tilheyra. Búi félagsmaður utan starfandi svæðisfélaga skal hann tilgreina það svæðisfélag sem hann kys að eiga aðild að til skrifstofu flokksins.

Rökstuðningur

Hér er skerpt á þeim reglum sem verið hafa við lýði, þar sem félögum hefur gefist kostur á að færa sig milli svæðisfélaga án búferlaflutninga. Ástæða þykir til að girða fyrir slíkt, þannig að svæðisfélagaaðild sé skilyrt við búsetu. Þó er gefinn möguleiki fyrir fólk sem er með heimilisfesti annars staðar en lögheimili segir til um að velja milli svæðisfélags.

9. grein

Efnisinnihald 9. og 14. greinar sameinist. Inn komi

Svæðisfélög skulu setja sér lög sem eru í samræmi við lög flokksins. Þau skulu halda aðalfundi sína árlega og skulu slíkir fundir boðaðir með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

Árlega skulu svæðisfélög senda skrifstofu flokksins upplýsingar um stjórn félagsins, innheimt félagsgjöld, ársreikninga og starfsemina á liðnu ári. Um meðferð fjármuna og reikningsskil skal farið í samræmi við lög númer 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Svæðisfélög ráða fjárhag sínum og málefnum sjálf að öðru leyti, en þó í samræmi við lög þessi.

Rökstuðningur

Hér hefur efnislegt innihald 14. greinar verið fært til og látið eiga við um svæðisfélögin einvörðungu en ekki öll aðildarfélög. Jafnframt er bætt við í greininni að upplýsingar um innheimt félagsgjöld skuli sendar skrifstofu árlega, en það á aðeins við ef breytingatillaga við 4. grein verður samþykkt.

10. grein

Fellur út og fer inn í nýja A – grein.

11. grein

Fellur út og fer inn í nýja B – grein.

12. grein

Út falli þriðja málsgrein sem fer inn í nýja B – grein.

A- ný grein

Ný grein, inn komi breyttur texti 10. greinar

Svæðisfélög eða kjördæmisráð samkvæmt samkomulagi þar um, innheimta árgjöld af félagsmönnum sínum samkvæmt ákvörðunum landsfundar um lágmarks viðmiðunarárgjald. Svæðisfélög og kjördæmisráð það sem þau eiga aðild að sbr. 11 gr. skipta með sér tekjum af árgjöldum þannig að 20% komi í hlut kjördæmisráðs.

Rökstuðningur

Nefndin telur landsfund vera betur til þess fallinn að ákveða viðmiðunarárgjald en stjórn. Ákvörðunin fái meiri umræðu og öðlist þannig meira vægi.

13. grein

Út falli úr greininni

Landsamtök ungs fólks yngra en 31 árs í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði hafa sjálfstæðan fjárhag og skipa sínum málum sjálf í samræmi við lög flokksins.

Inn komi

Heimilt er að stofna aðrar flokkseiningar sem þó teljast ekki til grunneininga flokksins sbr. 6. gr. Félagar í slíkum flokkseiningum skulu þó vera félagar í svæðisfélögum með réttindi og skyldur sbr. 4. gr. Flokkseiningar þessar hafa sjálfstæðan fjárhag og skipa sínum málum sjálfar í samræmi við lög flokksins og lög nr 162/2006 um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Samtök ungs fólks, yngra en 31 árs og Samtök eldra fólks, eldra en 60 ára, falla undir þessa skilgreiningu, ásamt öðrum þeim einingum sem kunna að vera stofnaðar.

Rökstuðningur

Í stað þess að fjalla aðeins um Ung Vinstri græn er lagt til að opnað verði á stofnun annarra flokkseininga sem þó teljist ekki til grunneininga og Eldri Vinstri græn tilgreind í lögum í fyrsta skipti. Þar sem þessar flokkseiningar teljast ekki til grunneininga flokksins er ekki talin ástæða til að kveða á um aðalfundi eða stjórnarkjör.

14. grein

Fellur út og sameinuð 9. grein

X. Nýr kafli

Rökstuðningur

Vegna ítrekaðra athugasemda og gagnrýni sem borist hafa stjórn þótti ástæða til að setja inn ákvæði um val á frambjóðendum á lista flokksins. Í kaflanum eru fjórar greinar sem eiga að móta ramma um framkvæmdina.

B-ný grein

Ný grein

Svæðisfélög eða deildir innan þeirra sbr. 6. gr. skulu sjá um framboð til sveitarstjórna í nafni flokksins eða í samstarfi við aðra. Kjördæmisráð eða svæðisfélag, ef starfssvæði þess fellur saman við kjördæmamörk, sér um framboð til Alþingis.

Rökstuðningur

Hér hefur innihald 11. og 12. greinar verið felld saman í eina grein án efnislegra breytinga.

C-ný grein

Ný grein

Við val á frambjóðendum á lista flokksins sbr. B. gr. skal viðhafa uppstillingu eða forval. Uppstilling skal samþykkt annað hvort á félagsfundi eða með póstkosningu en forval má fara fram í einni eða tveimur umferðum á kjörfundi eða með póstkosningu.

Rökstuðningur

Hér eru skilgreindar þær leiðir sem fara má við uppstillingu lista, annars vegar uppstilling sem þá er samþykkt á félagsfundi eða með póstkosningu og hins vegar forval í einni eða tveimur umferðum á kjörfundi eða með póstkosningu. Aðrar leiðir eru ekki heimilaðar.

D-ný grein

Ný grein

Kjörskrá skal lokað tveimur vikum dögum fyrir forvalsdag, útsendingardag kjörseðla í póstkosningu eða félagsfund þar sem taka skal ákvörðun um framboðslista og hafa þeir félagsmenn sem þá eru á félagatali og hafa greitt síðasta árgjald kosningarétt. Framboðsfrestur rennur út þremur vikum fyrir forvalsdag, útsendingardag í póstkosningu eða félagsfund.

Rökstuðningur

Greinin fjallar um kjörskrá og kosningarétt á félagsfundum þar sem uppstilling fer fram. Margar ábendingar bárust um að hafa rúman tíma frá því að kjörskrá er lokað þar til forval eða uppstilling fer fram. Nefndin leggur því til að það verði tvær vikur en að framboðsfrestur renni út þremur vikum fyrir

forvalsdag eða félagsfund. Einnig eru það nýmæli að einungis greiðandi eða skuldlausir félagar geta tekið þátt í forvali eða greitt atkvæði á félagsfundum.

E-ný grein

Ný grein

Stjórn flokksins setur samræmdar lágmarksreglur sem staðfestar eru af flokksráði um meðferð kjörskrár og um val á frambjóðendum skv. C og D gr. eigi síðar en 6 mánuðum fyrir reglulegar kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna. Reglurnar gildi í öllum kjördæmum og öllum sveitarfélögum.

Rökstuðningur

Lögin taka vitanlega ekki á öllum þeim álitamálum sem tengjast uppstillingu á lista. Engu að síður er mikilvægt að reglur séu samræmdar og að eftir þeim sé farið og því leggur nefndin til að stjórn móti reglur sem gildi um framkvæmdina. Tilgreint er að reglurnar skuli liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum fyrir reglulegar kosningar svo öll atriði séu á hreinu í tíma fyrir undirbúning, skipulag og framkvæmd.

IV. kafli Skrifstofa

Fellur út

15. grein

Fellur út

Rökstuðningur

Lagt er til að kaflinn og hans eina grein um skrifstofu verði felld út, enda ekki talin ástæða til að taka efni hennar fram í lögum. Vísað í 1. og 27. grein.

V. kafli Landsfundur

20. grein

Fellur út og sameinuð með breyttu orðalagi 21. grein

21. grein

Út falli úr fyrstu setningu

...einstök..... verði því við komið. Skal flokksstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn.

Inn komi í fyrstu setningu

... einstakir félagar,

Ný málsgrein, inn komi breyttur texti 20 greinar sem var

Álit og ályktanir er flokksstjórn hyggst leggja fyrir landsfund, skal senda svæðisfélögum eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn, nema sérstakar ástæður hamli.

Ný málsgrein hljóði svo

Álit og ályktanir er flokksstjórn hyggst leggja fyrir landsfund, sem og þau mál og tillögur sem borist hafa innan tilskilins tímafrests, skulu liggja frammi á skrifstofu flokksins og birt á heimasíðu hans eigi síðar en þremur vikum fyrir landsfund.

Út falli önnur setning

Landsfundarfulltrúar geta borið fram tillögur um hvert það mál sem þeir óska, sbr. þó 31. grein um lagabreytingar. Sé þess óskað skal fundurinn taka afstöðu til þess hvort slíkar tillögur skulu teknar á dagskrá.

Inn komi í stað

Ekki er hægt að leggja fram tillögu eftir að tímafrestur rennur út nema landsfundur samþykki að taka hana á dagskrá, sbr. þó grein 36 um lagabreytingar.

Vísað til 31. greinar, en á að vera 36. grein

Rökstuðningur

Hér eru gerðar nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að einstakir félagar geti lagt fram mál og tillögur á landsfundi, en um þá gildi það sama og félög eða kjördæmisráð að tillögurnar skuli sendar stjórninni eigi síðar en 6 vikum fyrir landsfund. Í öðru lagi er lagt til að stjórn leggi öll mál fram á skrifstofu flokksins og birti þau á heimasíðu hans, eigi síðar en þremur vikum fyrir fund.

Nokkuð hefur borið á ábendingum um að fresturinn sé helst til stuttur, að félagar séu ekki farnir að hugsa um landsfundinn í tíma til að geta sent inn tillögur sex vikum fyrir fund. Nefndin getur þó ekki fallist á að lengja frestinn, enda verður stjórn að hafa svigrúm til að vinna með ályktanir, sameina, snurfusa og setja upp á skýran hátt. Reynslan sýnir að ekki veitir af þremur vikum til þess. Nefndin telur ekki heldur fært að stytta þann tíma sem landsfundarfulltrúar hafa til að kynna sér ályktanir og leggur því til að tímafresturinn verði óbreyttur.

Túlkun síðustu málsgreinarinnar hefur verið með ýmsu móti og því leggur nefndin til að orðalagi hennar verði breytt til að skýrt sé að ekki verði lagðar fram tillögur eftir að tímafrestur rennur út nema með samþykki fundarins í samræmi við ákvæði um afbrigði í almennum fundarsköpum.

23.grein

Úr fyrstu setningu falli

...fullgildir

Inn komi í lok fyrstu setningar

... sem greitt hafa síðasta árgjald.

Önnur setning falli út

Flokkurinn skal standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök svæðisfélög verða fyrir, samkvæmt reglum sem settar eru af landsfundi.

Rökstuðningur

Í samræmi við aðrar breytingar. Nefndin sér ekki ástæðu til að hafa seinni málsgreinina inni, enda hefur henni ekki verið fylgt. Hér er lagt til að félagar verði að hafa greitt síðasta árgjald til að geta boðið sig fram til trúnaðarstarfa, á sama hátt og félagar verða að hafa greitt síðasta árgjald til að geta tekið þátt í forvali eða kosningu um uppstillingu á lista.

25. grein

Út falli úr annarri setningu

9

Inn komi í aðra setningu

...15.

Inn komi í þriðju setningu

...allt að

Rökstuðningur

Svæðisfélög hafa stækkað mjög, sérstaklega í kjölfar prófkjörs, nefndin telur eðlilegt að breyta tölu félagsmanna að baki hverjum fulltrúa til samræmis við fjölgun félagsmanna og að halda landsfundi í svipaðri stærð og hann hefur verið undanfarið. Lagt er til að félögum sé heimilt að tilnefna færri varafulltrúa en aðalfulltrúa.

26. grein

Inn komi í greinina

...og setja henni starfsreglur.

Rökstuðningur

Nefndin leggur til að stjórn setji kjörbréfanefnd starfsreglur þar sem hlutverk hennar og skyldur eru skilgreindar.

VI. Flokksstjórn

27. grein

Út falli

Flokksstjórn er heimilt að bjóða aðilum utan stjórnar að sitja fundi samþykki meirihluti hennar það í hvert og eitt skipti.

Rökstuðningur

Ekki þykir ástæða til að taka fram að heimilt sé að bjóða aðilum utan stjórnar að sitja fundi, það hlýtur að vera ákvörðun stjórnar hverju sinni.

VII. Flokksráð

28. grein

Út falli úr fyrstu setningu

...-og varamenn.....þingmenn og varaþingmenn..... og 30 fulltrúar sem kosnir eru sérstaklega á landsfundi

Inn komi í fyrstu setningu

...menn.....flokkur.....og

Inn komi önnur setningu

Í forföllum taka varamenn í viðkomandi trúnaðarstörfum sæti.

Inn komi þriðja setningu

Auk þess eru 40 flokksráðsfulltrúar og 10 til vara kjörnir sérstaklega á landsfundi. Varamenn í flokksráði taka sæti í forföllum aðalmanna.

Inn komi fjórða setningu

Tillögur sem leggja skal fyrir flokksráð skal skila til flokksstjórnar viku fyrir fund, verði því við komið.

Rökstuðningur

Lagðar eru til nokkrar breytingar á greininni. Fulltrúum í flokksráði er skipt með skýrari hætti upp í fulltrúa sem sitja í flokksráði vegna trúnaðarstarfa á vegum foksins og fulltrúa sem hafa verið kjörnir af landsfundi. Lagt er til að varamenn í flokksstjórn og varaþingmenn verði ekki í flokksráði, en að kveðið verði á um að varamenn í trúnaðarstörfum taki sæti ef aðalmenn forfallast. Sömuleiðis er lagt til að á landsfundi verði kjörnir 40 flokksráðsfulltrúar og 10 varamenn í flokksráð sem taki sæti þegar aðalmenn forfallast. Þetta er gert til að auka vægi þessara fulltrúa í flokksráði, það sem öðrum fulltrúum hefur fjölgað í kjölfar stækkunar þingflokks og fjölgunar sveitarstjórnarfulltrúa.

Nefndin leggur til að seta í flokksráði einskorðist við setu í þingflokki og því verði orðinu þingmenn skipt út fyrir orðið þingflokkur.

30.grein

Út falli úr fyrstu setningu

...og ef helmingur formanna kjördæmisráða óskar eftir fundi skal hann boðaður svo fljótt sem verða má.

Inn komi önnur setningu

Flokksráð setur sér fundarsköp og skal fundum þess stjórnað samkvæmt þeim.

Út falli úr annarri setningu

...fjórðungur fulltrúa í flokksráði...

Inn komi í aðra setningu

...25 flokksráðsfulltrúar...

Rökstuðningur

Nefndin leggur til að 25 flokksráðsfulltrúar geti kallað eftir fundi í stað fjórðungs eins og áður var, enda er oft á reiki hversu margir skipa flokksráð og því erfitt að notast við hlutföll. Jafnframt er lagt til að fellt verði út ákvæði um að helmingur formanna kjördæmisráða geti kallað eftir fundi. Ekki þykir ástæða til að gefa formönnum kjördæmisráða svo mikið vægi umfram aðra flokksráðsfulltrúa, enda aðeins um þrjá einstaklinga að ræða sem þannig geta óskað eftir fundi m.v. núverandi ákvæði.

F-ný grein

Ný grein

Flokksstjórn gerir grein fyrir afdrifum ályktana frá síðasta landsfundi á síðasta fundi flokksráðs fyrir landsfund.

Rökstuðningur

Í kjölfar ábendingar leggur nefndin til þessa nýju grein, enda geti hún orðið til þess að vekja fólk til umhugsunar fyrir landsfund. Þannig gefst félögum einnig tækifæri á að endurvekja ályktanir og tillögur sem ekki hefur verið hrint í framkvæmd eða fagna því sem vel var gert.

VIII. Sveitastjórnarráð

31. grein

Út falli úr fyrstu og annarri setningu

Á vegum flokksins starfar sveitarstjórnarráð. Tilgangur ráðsins er að efla starfsemi Vinstri-hreyfingarinnar – græns framboðs á sveitarstjórnarstigi, vera...

Greinin hljóði svo

Sveitarstjórnarráð er samstarfsvettvangur kjörinna fulltrúa flokksins í sveitarstjórnnum og er öðrum stofnunum flokksins til ráðuneytis um sveitarstjórnarmál. Sveitarstjórnarráð fjallar um sameiginlega stefnumótun í málefnum sveitarfélaga á grundvelli stefnuyfirlýsingar flokksins og landsfundarsamþykta.

Rökstuðningur

Ekki þótti ástæða til að taka fram efnisatriði fyrstu setninganna.

33. grein

Út falli önnur setning

Á fyrsta fundi sínum kýs sveitarstjórnarráð sér 3ja manna stjórn til loka kjörtímabilsins, formann, varaformann og ritara, auk 2ja varamanna.

Inn komi

Sveitarstjórnarráðið kýs sér stjórn, mótar sér starfsreglur og skipuleggur störf sín.

Rökstuðningur

Einfaldað orðalag, í samræmi við aðrar flokkseiningar og til samræmis við þingflokkinn.

IX. Fjárreiður

34. grein

Út falli úr fjórðu málsgrein

Fyrir landsfund.....staðfesta.....starfstímabilið

Inn komi í fjórðu málsgrein

...ár hvert.....liðið ár

Út falli úr fimmtu málsgrein

Ársreikningar skulu lagðir fyrir landsfund til afgreiðslu endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda og skoðunarmönnum reikninga. Að landsfundi loknum eru ársreikningar opnir til skoðunar.

Inn komi í fimmtu málsgrein

Þeir skulu jafnframt lagðir fram til kynningar og umræðu á landsfundi.

Inn komi málsgrein aftast í greininni

Um meðferð fjármuna og reikningsskil skal að öðru leyti farið í samræmi við lög númer 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Vísað til 12. greinar, en á að vera 13. grein

Rökstuðningur

Það er í höndum stjórnar að samþykkja reikninga og alger málamyndagjörningur að landsfundur samþykki þá. Eðlilegra er að flokksráð fjalli um þá ár hvert. Lagt er til að þeir verði kynntir, en skv. núverandi lögum ber ekki að staðfesta þá fyrr en 1. október, og því er lagt til að hægt verði að kynna þá óstaðfesta.

XI. Lagabreytingar

36. grein

Út falli úr þriðju setningu

..., sem aðrir bera fram en flokksráð,

Vísað til 19. greinar, en á að vera 21. Grein

Rökstuðningur

Nefndin tekur óþarfi að flokksráð fá skemmri frest, enda reglulegir fundir flokksráðs innan tímamarka.

Y Kafli Ýmis ákvæði

Nýr kafli

G-ný grein

Ákvörðun um að leggja flokkinn niður skal tekin af tveimur landsfundum í röð og samþykkt með auknum meirihluta á báðum. Um ráðstöfun eigna verður farið samkvæmt samþykkt seinni fundar.

Rökstuðningur

Ákvæðið hefur vantað í lögin.